

69. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 20. desember 2016.

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum kl. 15:00-16:30

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Sveinn Jónsson (SJ), Gauti Jóhannesson (GJ)
Mættir stjórnarmenn í síma: Sigrún Blöndal (SB), Sæunn Stefánsdóttir (SS), Jón Björn Hákonarson (JBH)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 68
2. Fundargerð vegna fundar með sveitastjórum 6. desember
3. Almenningsamgöngur – stofnun félags
4. Samningar
 - a) Samningur við Seyðisfjarðarkaupstað vegna MMF
 - b) Samningur við Vopnafjörð - drög
 - c) Samningur við ferðamálastofu vegna DMP og Kjarnaveitu - drög
 - d) Samningur sjálfbærni-verkefni – drög
5. Fjárhagsáætlun 2017
6. Mannauðsmál
7. Önnur mál
 - a) Þjónustusamningar
 - b) Leiga í A-húsi
 - c) Erindi Húss Handanna vegna Upplýsingamiðstöð Austurlands

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Staðfesting fundargerðar nr. 68

Stjórn staðfestir fundargerðir nr. 68.

2. Fundargerð vegna fundar með sveitastjórum 6. desember

Fundargerð lögð fram til kynningar

3. Almenningsamgöngur – stofnun félags

Stjórn Austurbrúar samþykkir að framkvæmdastjóri Austurbrúar verði framkvæmdastjóri nýs félags um Almenningsamgöngur á Austurlandi.

4. Samningar

a) Samningur við Seyðisfjarðarkaupstað vegna MMF

Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn í samræmi við samtal formanns við bæjarstjóra.

b) Samningur við Vopnafjörð

Framkvæmdastjóra falið að klára vinnu við samninginn og undirrita í samræmi við umræðu á fundinum.

c) Samningur við ferðamálastofu vegna DMP og Kjarnaveitu

Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn

d) Endurnýjun samnings um sjálfbærni-verkefni við Alcoa og Landsvirkjun

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningnum í samræmi við þá umræðu sem átti sér stað á fundinum.

5. Fjárhagsáætlun 2017

Stjórn samþykkir að fresta umræðu um fjárhagsáætlun vegna sérstakra aðstæðna þar sem ekki liggur fyrir niðurstaða um fjármagn í samþykktum fjárlögum fyrir 2017. Stefnt er að símafundi á milli jóla og nýárs þegar þetta liggur fyrir.

6. Mannauðsmál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.

7. Önnur mál

a) Þjónustusamningar

Jónína Brynjólfsdóttir kom inn á fundinn og fór yfir vinnu sem verið er að vinna er varðar greiningu á þjónustusamningum stofnunarinnar og fyrstu hugmyndir um mögulegar breytingar á þeim. Stjórn lýst vel á framkomnar upplýsingar og óskar eftir að nánari útfærsla verði kynnt á fundi stjórnar í febrúar.

b) Leiga í A-húsi

JÁÐ fór yfir stöðu leigumála í A húsinu. Stjórn felur framkvæmdastjóra að afla frekari upplýsinga í samræmi við umræður á fundinum.

d) Erindi Húss Handanna vegna Upplýsingamiðstöð Austurlands

Stjórn vísar erindinu til nefndarinnar sem komið hefur saman undanfarin 2 ár í tengslum við samninga um Upplýsingamiðstöð Austurlands. Framkvæmdastjóra er falið að kalla nefndina saman.

Næsti stjórnarfundur er símafundur þann 29. desember. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð á nefndarmenn.

Fundi slitið kl. 16:30

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannsson

Sæunn Stefánsdóttir